

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Sléttagrunni.

1. gr.

Frá og með 29. júlí 1990 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Sléttagrunni sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°00' N – 17°50' V
2. 66°40' N – 17°50' V
3. 66°40' N – 17°00' V
4. 67°00' N – 17°00' V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.